



Verðbólga komin yfir 3%

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,24% milli mánaða í nóvember og mælist 12 mánaða verðbólga nú 3,3%, samanborið við 2,8% í október. VNV án húsnæðis hækkaði um 0,18% milli mánaða og mælist 2,4% verðbólga á þann mælikvarða á ársgrundvelli.

Hækkunin var rétt undir væntingum, en opinberar spár lágu á bilinu +0,3% til +0,35%. Við spáðum +0,3%.

Helstu áhrifaþættir milli mánaða:


- **Flugfargjöld til útlanda** lækka alla jafna milli mánaða í nóvember. Lækkunin var ívið meiri en við bjuggumst við.
- **Póstur og sími** lækkaði milli mánaða aðallega vegna þess að internetþjónusta lækkaði um tæp 8% milli mánaða.
- **Matur og drykkjarvörur** hækkuðu einungis um 0,18%. Við áttum von á að lækkun á gengi krónunnar myndi hafa nokkuð meiri áhrif til hækkunar á þessum lið. Okkur finnst líklegt að sú veiking sem orðið hefur á gengi krónunnar eigi enn eftir að koma að fullu fram í þessum lið.
- **Tómstundir og menning** hækkaði vegna þess að bækur, blöð, sjónvörp og tölvur hækkuðu. Þetta má skrifa að nokkru leyti á veikingu krónunnar.
- **Kaup ökutækja** hækkaði vegna gengisveikingar krónunnar.

Innfluttar vörur hækka

Ein aðalástæða þess að verðbólgan hefur verið lág og stöðug síðustu ár er mikil verðlækkun innfluttra vara, en verðhjöðnun mældist á innfluttum vörum frá byrjun árs 2014 og fram til liðins sumars. Nú mælist hins vegar 3,6% verðbólga á innfluttum vörum, sem er 0,3 prósentustigum hærra en VNV. Fara þarf aftur til 2010 til að sjá meiri hækkun á innfluttum vörum en heildarvísitölunni.

	Vægi í		Áhrif	
	VNV	Raun	Spá	
Flugfargjöld til útlanda	1,2%	-0,19%	-0,10%	
Póstur og sími	2,1%	-0,07%	0,00%	
Bensín og díselolífa	3,4%	-0,03%	-0,01%	
Áfengi og tóbak	2,4%	0,00%	0,01%	
Menntun	0,7%	0,00%	0,00%	
Hótel og veitingast.	5,1%	0,01%	0,00%	
Aðrar vörur og þjónusta	5,7%	0,01%	0,03%	
Matur og drykkjarv.	11,3%	0,02%	0,10%	
Föt og skór	3,6%	0,02%	0,01%	
Ferðir og flutningar - annað	3,9%	0,03%	0,00%	
Heilsa	3,9%	0,04%	0,03%	
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,2%	0,06%	0,03%	
Reiknuð húsaleiga	21,5%	0,07%	0,05%	
Húsgögn og heimilisb.	3,9%	0,07%	0,00%	
Tómst. og menning	9,7%	0,07%	0,03%	
Kaup ökutækja	8,6%	0,14%	0,12%	
Alls	100,0%	0,24%	0,29%	

Framlag undirliða




Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



Hækkunin orðin almennari


Ef farið er í mesta niðurbrot á undirliðum¹ sést að um 80% undirliða hafa hækkað síðustu tólf mánuði. Þetta er nokkuð mikil breyting, en í lok árs í fyrra hafði einungis um helmingur undirliða hækkað. Fara þarf aftur til ársloka 2011 til að sjá jafn almenna hækkun.

Vísitala neysluverðs




Heimild: Hagstofa Íslands

Innflutt og innlend verðbólga




Heimild: Hagstofa Íslands

Mánaðarbreyting VNV í nóvember




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Framlag undirliða



Heimild: Hagstofa Íslands

Breyting undirliða á tólf mánaða tímabil



Heimild: Hagstofa Íslands

¹ Alls um 170 undirliðir



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.